

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 12. mars 2019 og hófst kl. 15.30. Fundinn sátu Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir og Þröstur Helgason. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málræktarþing 2019, framhaldsumræður

Sjá fg. stj. ÍM 2/2019, 1. lið. Rætt var áfram um fyrirhugað málræktarþing 26. september og undirbúning þess. Fyrirlestrarsalurinn í Þjóðminjasafninu hefur þegar verið pantaður. Rætt var um hverjir gætu verið fyrirlesarar á málþinginu. Þegar hefur verið rætt við Lars Trap Jensen sem hefur samþykkt að halda erindi.

2. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu

Umræður um væntanlega ályktun ÍM 2019. Samkvæmt stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2015–2019 er höfuðáherslan þetta síðasta ár að safna upplýsingum um íslensku og málfar á einn stað.

3. Fundur með ráðherra

Stjórn ÍM hafði óskað eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra til að ræða um þingsályktunartillögu um að efla íslensku sem opinbert tungumál á Íslandi og nokkur atriði um starf ÍM. Fundurinn var haldinn 20. febrúar og af hálfu ÍM sóttu Guðrún Kvaran, Hilmar Hilmarsson og Ágústa Þorbergsdóttir fundinn. Á fundinum var rætt um málræktarþingið 26. september og samþykkti ráðherra að halda ávarp. Ráðherra lagði til að skipulagður yrði sérstakur vinnufundur með Lars Trap Jensen til að nýta þekkingu hans sem best.

Ráðherra vakti einnig athygli á nýrri bók um um íslensku í grunn- og framhaldsskólum eftir Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrím Angantýsson. Einnig var á fundinum rætt um menntun kennara og að auka þyrfti vægi íslensku í kennaranámi. Loks var rætt um að mennta- og menningarmálaráðuneyti þyrfti að koma að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem ráðstafar jöfnunarframlögum m.a. til grunnskóla.

4. Svarbréf við fyrirspurnum

a. Svarbréf frá Isavia

Svarbréf frá Isavia barst 26. febrúar og var það svar við bréfi málnefndarinnar frá 29. apríl 2016. Í bréfinu kom fram að Isavia stefnir að því að innleiða heildstæða málstefnu í starfsemi félagsins með lög um íslenska tungu, öryggi, skilvirkni og smekkvísi að leiðarljósi.

b. Svarbréf frá Reykjavíkurborg

Svarbréf frá Reykjavíkurborg barst um miðjan febrúar og var það svar við bréfi sem Hilmar Hilmarsson sendi 8. janúar þar sem óskað var eftir fundi um reynslu af framkvæmd málstefnu borgarinnar (sjá fg. stj. ÍM 1/2019, 5. lið). Í bréfinu kom fram að til stæði að innleiða málstefnu Reykjavíkurborgar á næstunni.

5. Önnur mál

a. Fundur í fullskipaðri málnefnd

Fundur í fullskipaðri málnefnd verður haldinn 27. mars kl. 15:40 í fundarsal mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sölvhólsgötu 4, 4. hæð.

b. Ráðstefna í Hörpu 1. apríl

Á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis verður haldin ráðstefna í tengslum við efni hinnar nýútkomnu bókar Kristjáns Jóhanns Jónssonar og Ásgríms Angantýssonar. Hilmar Hilmarsson, stjórnarmaður í ÍM, mun m.a. halda erindi á ráðstefnunni.

Fundi lauk kl. 16.50.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.